

Bréf er sent til eigenda:
Álfhelli 3, 6 og 7
Einhelli 3.

23.3.2018
Málsnr. 1802114

**Grenndarkynning vegna tillögu að breytingu lóðarinnar við Álfhelli 4,
Hellnahrauni 2. áfanga.**

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 14.2.2018 var samþykkt að grenndarkynna breytingu á lóðinni við Álfhelli 4 í samræmi við 1.mgr. 2.gr. samþykktar um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Breytingin felst í því að lögun byggingarreits er breytt. Ekki er verið að auka nýtingarhlutfall á lóðinni. Að öðru leyti gilda deiliskipulagsskilmálar fyrir Hellnahraun 2. áfanga

Tillagan er grenndarkynnt frá 26.3. – 23.4.2018. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 23.apríl 2018. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.

Skipulagsfulltrúi.